# Samherji hf.

## Árshlutareikningur samstæðunnar

## 30. júní 2005

Samherji hf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

kt. 610297-3079

# Efnisyfirlit


| | | | |
|---|---|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .... | 2 | Efnahagsreikningur .............................. | 5 |
| Áritun endurskoðenda ............................ | 3 | Yfirlit um sjóðstreymi .......................... | 7 |
| Rekstrarreikningur ................................. | 4 | Skýringar ............................................. | 8 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur Samherja hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess sem voru átta í lok tímabilsins. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins nam hagnaður af rekstri á öðrum ársfjórðungi 1.065,4 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok júní 2005 nam 12.035,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Í lok mars gerðu nokkrir af stærstu hluthöfum í Samherja hf., sem þá áttu 55,5% hlutafjár í félaginu, með sér samkomulag um stjórnun og rekstur félagsins. Í framhaldi af því gerðu þessir aðilar öðrum hluthöfum í félaginu yfirtökutilboð á genginu 12,1 og gilti tilboðið til 5. júlí 2005. Í framhaldi af yfirtökutilboðinu óskaði stjórn félagsins eftir því að hlutabréf í félaginu yrðu afskráð úr Kauphöll Íslands og fór afskráningin fram þann 28. júlí síðastliðinn.

Á tímabilinu seldi félagið fiskimjölsverksmiðju sína í Grindavík en verksmiðjan skemmdist í bruna í febrúar. Auk þess seldi félagið á tímabilinu fiskiskipin Margréti EA og Oddeyrina EA. Hagnaður af sölu framangreindra eigna nam 560,1 millj. kr.

Stjórn og forstjóri Samherja hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2005 með undirritun sinni.

Akureyri 25. ágúst 2005.

***Í stjórn félagsins:***

Eiríkur S. Jóhannsson

Óskar Magnússon | Jón Sigurðsson

Jóhannes Geir Sigurgeirsson | Kristján Vilhelmsson

***Forstjóri:***

Þorsteinn Már Baldvinsson

# Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar í Samherja hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Samherja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2005. Reikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 30. Árshlutareikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna félagsins og greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag í lok þess og breytingu á handbæru fé, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Akureyri 25. ágúst 2005.

Arnar Árnason

Þorsteinn G. Þorsteinsson

***KPMG Endurskoðun Akureyri hf.***

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2005

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur 1. apríl - 30. júní 2005 | 2004 | Fyrri árshelmingur 1. janúar - 30. júní 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | |
| Tekjur landvinnslu | 5 | 1.653.172 | 1.733.301 | 3.339.500 | 3.695.349 |
| Tekjur útgerðar | 5 | 2.599.313 | 1.303.873 | 4.945.187 | 2.857.590 |
| Innlagður eigin afli | 5 | ( 305.789) | ( 248.340) | ( 657.598) | ( 712.364) |
| Vörusala | | 1.422.343 | 884.813 | 3.417.279 | 1.321.867 |
| Aðrar tekjur | | 859 | 70.568 | 22.575 | 73.702 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 560.083 | 0 | 560.083 | 0 |
| | | 5.929.981 | 3.744.215 | 11.627.026 | 7.236.144 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | |
| Framleiðslukostnaður | | 1.424.676 | 1.713.082 | 2.917.626 | 3.416.624 |
| Innlagður eigin afli | 5 | ( 305.789) | ( 248.340) | ( 657.598) | ( 712.364) |
| Útgerðarkostnaður | | 2.048.987 | 902.953 | 3.862.106 | 1.963.443 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 1.334.275 | 872.181 | 3.248.405 | 1.290.156 |
| Sameiginlegur kostnaður | | 138.361 | 76.056 | 277.639 | 156.507 |
| Tap af sölu eigna | | 0 | 0 | 0 | 1.343 |
| | | 4.640.510 | 3.315.932 | 9.648.178 | 6.115.709 |
| Hagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar | | 1.289.471 | 428.283 | 1.978.848 | 1.120.435 |
| Afskriftir | 17 | ( 339.912) | ( 278.394) | ( 674.098) | ( 554.352) |
| Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 949.559 | 149.889 | 1.304.750 | 566.083 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Vaxtatekjur og arður | | 1.245 | 4.630 | 81.023 | 8.582 |
| Niðurfærsla og hagnaður af sölu eignarhluta | | ( 42.240) | 283.567 | ( 42.240) | 283.567 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 164.472) | ( 144.862) | ( 328.456) | ( 267.303) |
| Gengismunur | | ( 184.296) | 60.389 | 45.108 | ( 64.893) |
| | | ( 389.763) | 203.724 | ( 244.565) | ( 40.047) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 19 | ( 48.744) | 83.924 | 312.296 | 572.649 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 511.052 | 437.537 | 1.372.481 | 1.098.685 |
| Tekjuskattur | 12,26 | ( 138.152) | ( 60.963) | ( 317.183) | ( 98.113) |
| Hagnaður án hlutdeildar minnihluta | | 372.900 | 376.574 | 1.055.298 | 1.000.572 |
| Hlutdeild minnihluta | | 16.647 | 83.246 | 10.093 | 97.189 |
| **Hagnaður tímabilsins** | 24 | 389.547 | 459.820 | 1.065.391 | 1.097.761 |
| **Hagnaðarhlutur:** | | | | | |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 6 | 0,23 | 0,29 | 0,64 | 0,69 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 30.6.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Aflaheimildir | | 4.310.187 | 4.604.118 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 219.171 | 173.628 |
| | 7,15 | 4.529.358 | 4.777.746 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir | | 833.186 | 951.388 |
| Fiskiskip | | 5.201.769 | 5.320.937 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 1.207.037 | 1.514.536 |
| | 8,16 | 7.241.992 | 7.786.861 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 19 | 4.016.763 | 3.164.000 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 20 | 4.485.193 | 4.010.551 |
| Lán til hlutdeildarfélaga | 21 | 57.307 | 29.604 |
| Aðrar langtímakröfur | | 48.851 | 5.621 |
| | | 8.608.114 | 7.209.776 |
| Birgðir til langs tíma: | | | |
| Birgðir af eldisfiski og seiðum | 11,22 | 215.740 | 321.194 |
| Fastafjármunir | | 20.595.204 | 20.095.577 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Birgðir | 11,22 | 3.563.526 | 2.915.084 |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Viðskiptakröfur | | 3.771.729 | 2.895.661 |
| Kröfur á hlutdeildarfélög | | 35.647 | 81.908 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 666.961 | 416.745 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 115.642 | 67.710 |
| Handbært fé | | 547.435 | 375.347 |
| Veltufjármunir | | 8.700.940 | 6.752.455 |
| **Eignir samtals** | | 29.296.144 | 26.848.032 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 30.6.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | 23 | 1.660.000 | 1.660.000 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | | 1.043.178 | 1.043.178 |
| Lögbundinn varasjóður | | 176.503 | 176.503 |
| Óráðstafað eigið fé | | 9.156.057 | 8.677.752 |
| Eigið fé | 24 | 12.035.738 | 11.557.433 |
| **Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga** | | 302.455 | 285.705 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 25 | 126.841 | 130.519 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 12,26 | 1.057.136 | 923.442 |
| | | 1.183.977 | 1.053.961 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Skuldabréfalán | | 1.032.293 | 1.254.241 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 6.687.878 | 6.663.541 |
| | 27 | 7.720.171 | 7.917.782 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 3.080.482 | 1.875.561 |
| Viðskiptaskuldir | | 2.079.930 | 1.561.516 |
| Skuldir við hlutdeildarfélög | | 401.056 | 330.615 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | | 1.076.413 | 1.304.647 |
| Skattar tímabilsins | | 192.683 | 288.409 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.223.239 | 672.403 |
| | | 8.053.803 | 6.033.151 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 16.957.951 | 15.004.894 |
| **Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir samtals** | | 29.296.144 | 26.848.032 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2005

| | Skýr. | 2005<br>1.1. - 30.6. | 2004<br>1.1. - 30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | 24 | 1.065.391 | 1.097.761 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Hagnaður af sölu eigna og niðurfærsla eignarhluta | | ( 517.701) | ( 282.224) |
| Afskriftir | 17 | 674.098 | 554.352 |
| Verðbætur og gengismunur langtímaskulda og -krafna | | 2.929 | 52.500 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 19 | ( 312.296) | ( 572.649) |
| Aðrir liðir | | 125.960 | ( 102.366) |
| Veltufé frá rekstri | | 1.038.381 | 747.374 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 623.695) | 115.654 |
| Handbært fé frá rekstri | | 414.686 | 863.028 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 15 | ( 86.864) | 0 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 16 | ( 375.368) | ( 208.271) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 1.043.757 | 2.959 |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | | ( 552.183) | 230.891 |
| Söluverð eignarhluta í hlutdeildarfélögum | | 0 | 963.568 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum | | ( 518.796) | ( 15.320) |
| Söluverð eignarhluta í öðrum félögum | | 1.654 | 0 |
| Langtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 85.432) | 809 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 257.334) | 329.916 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 830.566) | 1.304.552 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Eigin hlutabréf, breyting | | 0 | ( 663.125) |
| Arður til hluthafa | 24 | ( 498.000) | ( 397.475) |
| Breyting á hlutdeild minnihlutaeigenda | | 26.472 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | | 1.500.000 | 22.509 |
| Afborganir langtímalána | | ( 1.874.749) | ( 715.196) |
| Skammtímalán, hækkun | | 1.429.351 | 708.146 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 583.074 | ( 1.045.141) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 167.194 | 1.122.439 |
| **Gengismunur á handbæru fé erlendra dótturfélaga** | | ( 4.166) | 0 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 384.407 | 82.037 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 547.435 | 1.204.476 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Árshlutareikningur Samherja hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Árshlutareikningar dótturfélaganna eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok júní 2005. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### *Árshlutareikningar erlendra dótturfélaga*

3. Starfsemi samstæðunnar erlendis er talin aðskiljanlegur hluti frá starfsemi móðurfélagsins. Í samræmi við það eru eignir og skuldir erlendra dótturfélaga umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok júní. Tekjur og gjöld erlendu dótturfélaganna eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður meðal eigin fjár. Hlutdeild móðurfélagsins í endurmatsbreytingum og rekstrarárangri erlendra hlutdeildarfélaga er færð með sambærilegum hætti.

### *Afleiðusamningar*

4. Afleiðusamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu peningalegra eigna og skulda. Afkoma af áhættuvörninni er færð í rekstrarreikning.

Afleiðusamningar sem notaðir eru til að verja framtíðarviðskipti eru færðir í reikningsskil félagsins á sama tíma og viðskiptin sem varin eru.

### *Innlausn tekna*

5. Í þeim tilvikum þar sem skip félagsins afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært við löndun afla og gjaldfært sem framleiðslukostnaður. Aflaverðmæti frystitogara er tekjufært á áætluðu meðalframleiðslukostnaðarverði. Framleiðsla landvinnslu er tekjufærð miðað við meðalframleiðslukostnaðarverð. Við endanlega sölu eru tekjur leiðréttar til samræmis við endanlegt skilaverð.

### *Hagnaðarhlutur*

6. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Hagnaður tímabilsins nemur 1.065,4 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 1.600 millj. kr.

### *Óefnislegar eignir*

7. Keyptar varanlegar aflaheimildir auk yfirverðs vegna fjárfestinga í eignarhlutum í dótturfélögum, sem tengist fjárfestingum í fyrrgreindum eignum, eru færðar undir liðinn óefnislegar eignir. Aflaheimildir eru færðar til gjalda á sautján árum en yfirverð vegna dótturfélaga, sem einkum er tilkomið vegna aflaheimilda og veiðileyfa, er fært til gjalda á tuttugu árum. Aflaheimildir dótturfélaga í fiskveiðilögsögu erlendis eru færðar til eignar meðal óefnislegra eigna. Við gerð samstæðureiknings eru þessar aflaheimildir afskrifaðar með sambærilegum hætti og hjá móðurfélaginu. Viðskiptavild vegna fjárfestinga í öðrum dótturfélögum auk stofnkostnaðar þeirra, er færð undir liðinn aðrar óefnislegar eignir og eru þær gjaldfærðar á fimm árum.

### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

8. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ............ | 25 ár |
| Fiskiskip ............ | 17 ár |
| Vélar, áhöld og tæki ............ | 3 - 8 ár |

### *Dótturfélög*

9. Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Sá hluti yfirverðs sem tengist aflaheimildum er í samstæðureikningnum færður til hækkunar á þeim og afskrifaður með sambærilegum hætti. Annað yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og eru þær gjaldfærðar á fimm árum.

### *Hlutdeildarfélög*

10. Eignarhlutir samstæðunnar í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs og er yfirverðið gjaldfært á fimm til sautján árum.

### *Birgðir*

11. Birgðir sjávarafurða eru metnar til eignar á meðalframleiðslukostnaðarverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Birgðir af eldisfiski og seiðum eru metnar á meðalframleiðslukostnaðarverði eða áætluðu dagverði, hvoru sem lægra reynist. Eldisfiskur og seiði, sem ekki er áætlað að selja innan tólf mánaða, eru færð undir liðinn birgðir meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi en eldisfiskur og seiði, sem áætlað er að selja á næstu tólf mánuðum, eru færð meðal veltufjármuna. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði. Veiðarfæri sem komin eru í notkun, eru metin á helmingi kaupverðs. Birgðabreyting fullunninna afurða er færð meðal rekstrartekna en birgðabreyting eldisfiskjar, seiða og rekstrarvara er færð meðal rekstrargjalda. Áhætta í mati á lífmassa er eðlislæg í fiskeldisiðnaðinum.

### *Tekjuskattsskuldbinding*

12. Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í árshlutareikningi.

### *Alþjóðleg reikningsskil*

13. Þar sem að hlutabréf félagsins hafa verið afskráð úr Kauphöll Íslands hf., hafa stjórnendur félagsins ákveðið að fresta upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Fyrirhugað er að skuldabréf félagsins verði áfram skráð í Kauphöll Íslands hf. og því mun félagið engu að síður breyta reikningsskilum sínum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla innan þess tíma sem tilskilinn er vegna skráningar skuldabréfanna.

## Ársfjórðungayfirlit

14. Rekstur félagsins greinist þannig á ársfjórðunga:

| | 2. ársfjórðungur 2005 | 1. ársfjórðungur 2005 | 4. ársfjórðungur 2004 | 3. ársfjórðungur 2004 | 2. ársfjórðungur 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 5.929.981 | 5.697.045 | 4.418.926 | 5.104.923 | 3.744.215 |
| Rekstrargjöld án afskrifta | ( 4.640.510) | ( 5.007.668) | ( 3.964.299) | ( 4.413.646) | ( 3.315.932) |
| Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) | 1.289.471 | 689.377 | 454.627 | 691.277 | 428.283 |
| Afskriftir | ( 339.912) | ( 334.186) | ( 306.501) | ( 395.040) | ( 278.394) |
| Sérstök niðurfærsla fastafjármuna | 0 | 0 | ( 123.862) | 0 | 0 |
| Rekstrarhagnaður (EBIT) | 949.559 | 355.191 | 24.264 | 296.237 | 149.889 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | ( 389.763) | 145.198 | 1.276.299 | ( 96.690) | 203.724 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | ( 48.744) | 361.040 | 206.322 | 432.900 | 83.924 |
| Tekjuskattur | ( 138.152) | ( 179.031) | ( 171.584) | ( 139.048) | ( 60.963) |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga | 16.647 | ( 6.554) | ( 95.575) | 83.519 | 83.246 |
| Hagnaður | 389.547 | 675.844 | 1.239.726 | 576.918 | 459.820 |

## Óefnislegar eignir

15. Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Aflaheimildir | Aðrar óefnislegar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1.1.2005 | 4.604.118 | 173.628 | 4.777.746 |
| Viðbót á tímabilinu | 3.347 | 83.517 | 86.864 |
| Gengismunur á tímabilinu | ( 87.631) | ( 177) | ( 87.808) |
| Gjaldfært á tímabilinu | ( 209.647) | ( 37.797) | ( 247.444) |
| Bókfært verð 30.6.2005 | 4.310.187 | 219.171 | 4.529.358 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

16. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

| | Fasteignir | Fiskiskip | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2005 | 1.923.627 | 9.404.333 | 4.106.503 | 15.434.463 |
| Afskriftir samtals 1.1.2005 | ( 972.239) | ( 4.083.396) | ( 2.591.967) | ( 7.647.602) |
| Bókfært verð 1.1.2005 | 951.388 | 5.320.937 | 1.514.536 | 7.786.861 |
| Yfirtekið frá dótturfélögum | 0 | 0 | 39.620 | 39.620 |
| Gengismunur á tímabilinu | 0 | ( 46.375) | ( 3.015) | ( 49.390) |
| Viðbót á tímabilinu | 45.295 | 201.449 | 128.624 | 375.368 |
| Selt á tímabilinu | ( 129.447) | ( 50.093) | ( 304.273) | ( 483.813) |
| Afskrifað á tímabilinu | ( 34.050) | ( 224.149) | ( 168.455) | ( 426.654) |
| Bókfært verð 30.6.2005 | 833.186 | 5.201.769 | 1.207.037 | 7.241.992 |
| Afskriftahlutföll | 4% | 6-33% | 12-33% | |

17. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi nema 674,1 millj. kr. og greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 16 | 426.654 |
| Afskriftir aflaheimilda og annarra óefnislegra eigna sbr. skýringu 15 | 247.444 |
| Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi | 674.098 |

## Áhættufjármunir

### *Eignarhlutir í dótturfélögum*

18. Dótturfélög Samherja hf. voru átta í lok júní 2005 en á tímabilinu eignaðist Samherji hf. 19,8% hlut í Silfurstjörnunni hf. en Oddeyri ehf. átti fyrir 71,0% hlut í því félagi. Dótturfélagið Icefresh GmbH í Þýskalandi er nú fært á meðal dótturfélaga en var áður fært á meðal hlutdeildarfélaga.

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

| | Eignar-hluti | Bókfært verð | Fært í rekstrar-reikning |
|---|---|---|---|
| CR Cuxhavener Reederei GmbH, Þýskalandi | 100,0% | 1.639.025 | 15.306 |
| Fjárfestingafélagið Krossanes hf., Akureyri | 100,0% | 132.351 | 0 |
| Icefresh GmbH, Þýskalandi | 85,0% | 13.507 | 103 |
| Onward Fishing Company Ltd., Bretlandi | 100,0% | 608.221 | 72.986 |
| Seagold Ltd., Bretlandi | 75,0% | 101.359 | 36.257 |
| Silfurstjarnan hf., Öxarfirði | 19,8% | 37.597 | ( 7.403) |
| Snæfugl ehf., Fjarðabyggð | 59,0% | 348.240 | 45.740 |
| | | 2.880.300 | 162.989 |
| Oddeyri ehf., Akureyri | 100,0% | ( 186.952) | ( 253.672) |
| Eignarhlutir í dótturfélögum samtals | | 2.693.348 | ( 90.683) |

### *Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum*

19. Félagið keypti á tímabilinu 10,6% hlut í Síldarvinnslunni hf. og nam kaupverðið 795,6 millj. kr. Eignarhlutur samstæðunnar í Síldarvinnslunni hf. nam í lok tímabilsins 47,7% af heildarhlutafé félagsins.

Eignarhlutir samstæðunnar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignar-hluti | Bókfært verð | Fært í rekstrar-reikning |
|---|---|---|---|
| Framherji Sp/f., Færeyjum | 30,0% | 71.489 | ( 7.116) |
| Hjalteyrin ehf., Árskógssandi | 100,0% | 502 | 0 |
| Rif ehf., Hrísey | 49,0% | 76.139 | 14.901 |
| Seley ehf., Neskaupstað | 30,0% | 32.098 | 787 |
| Síldarvinnslan hf., Neskaupstað | 47,7% | 3.813.685 | 310.167 |
| SR-mjöl hf., Reykjavík | 20,0% | 5.350 | 807 |
| Sæból ehf., Grundarfirði | 47,0% | 17.500 | 0 |
| | | 4.016.763 | 319.546 |
| Ulloriaq, Grænlandi | 33,3% | ( 36.455) | ( 7.250) |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals | | 3.980.308 | 312.296 |

### *Eignarhlutir í öðrum félögum*

20. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| | Eignar-hluti | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Burðarás hf. | 3,2% | 2.839.437 |
| Fiskeldi Eyjafjarðar hf. | 19,5% | 58.366 |
| Íslandsbanki hf. | 0,9% | 1.207.634 |
| Kaupþing banki hf. | 0,0% | 343.218 |
| Önnur félög | | 36.538 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals | | 4.485.193 |

Eignarhlutir í öðrum félögum eru bókfærðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

Bókfært verð eignarhluta í félögum sem skráð eru á hlutabréfamarkaði nam 4.449 millj. kr. í lok tímabilsins. Markaðsverð þeirra nam 4.835 millj. kr. á sama tíma.

## Langtímakröfur

21. Yfirlit um lán til hlutdeildarfélaga:

Lánin greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | |
|---|---|
| Kröfur í CAD | 25.325 |
| Kröfur í EUR | 29.958 |
| Kröfur í USD | 11.011 |
| Kröfur í GBP | 2.401 |
| Kröfur í CHF | 4.607 |
| Kröfur í JPY | 2.326 |
| Næsta árs afborganir | ( 18.321) |
| Lán til hlutdeildarfélaga í efnahagsreikningi samtals | 57.307 |

## Birgðir

22. Birgðir í efnahagsreikningi greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Birgðir fullunninna afurða | 2.302.894 |
| Birgðir af eldisfiski og seiðum | 644.896 |
| Rekstrarvörubirgðir | 615.736 |
| Birgðir færðar meðal veltufjármuna | 3.563.526 |
| Birgðir af eldisfiski og seiðum færðar meðal fastafjármuna | 215.740 |
| Birgðir samtals | 3.779.266 |

## Eigið fé

23. Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins nam 1.660,0 millj. kr. í lok júní 2005. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

24. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2005 | 1.660.000 | 1.043.178 | 176.503 | 8.677.752 | 11.557.433 |
| Arður til hluthafa | | | | ( 498.000) | ( 498.000) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 1.065.391 | 1.065.391 |
| Gengismunur erlendra eigna | | | | ( 89.086) | ( 89.086) |
| Eigið fé 30.6.2005 | 1.660.000 | 1.043.178 | 176.503 | 9.156.057 | 12.035.738 |

## Skuldbindingar

25. Dótturfélög erlendis hafa gert eftirlaunasamninga við fyrrverandi og núverandi starfsmenn og nema áunnin eftirlaunaréttindi 126,8 millj. kr. í lok tímabilsins.

26. Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nam 1.057,1 millj. kr. í lok tímabilsins. Breyting skuldbindingarinnar á tímabilinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2005 | 923.442 |
| Tekjuskattur tímabilsins | 317.183 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2006 | ( 180.383) |
| Gengismunur tímabilsins | ( 3.106) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok júní 2005 | 1.057.136 |

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | |
|---|---|
| Óefnislegar eignir | 267.764 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 519.269 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 390.524 |
| Aðrir liðir efnahagsreiknings | 20.987 |
| Yfirfæranlegt tap | ( 141.408) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok júní 2005 | 1.057.136 |

## Langtímaskuldir

27. Langtímaskuldir samstæðunnar greinast þannig eftir gjaldmiðlum og verðtryggingu:

| | |
|---|---|
| Lán í JPY | 1.136.024 |
| Lán í USD | 1.550.241 |
| Lán í EUR | 2.247.944 |
| Lán í CHF | 783.425 |
| Lán í GBP | 1.044.303 |
| Lán í NOK | 99.320 |
| Lán í SEK | 208.450 |
| Lán í RFI | 33.956 |
| Lán í erlendum gjaldmiðlum samtals | 7.103.663 |
| Verðtryggð lán | 1.692.921 |
| Langtímaskuldir alls, þar með taldar næsta árs afborganir | 8.796.584 |
| Næsta árs afborganir | ( 1.076.413) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 7.720.171 |

### Afleiðusamningar

28. Félagið hefur gert gjaldeyrissamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu eigna og skulda. Hér er um að ræða samninga sem gerðir eru vegna skuldasamsetningar félagsins. Staða samninganna í lok tímabilsins er jákvæð um 2,4 millj. kr. og er sú fjárhæð færð til eignar í efnahagsreikningi.

    Félagið hefur gert mynt- og vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sína. Færsla vaxta í árshlutareikningi miðast við samningana og tekið er tillit til þeirra við skiptingu lána eftir myntum í skýringu 27.

### Önnur mál

29. Stjórn félagsins hefur samþykkt að taka þátt í hlutafjáraukningu í FAB GmbH í Þýskalandi vegna kaupa FAB GmbH á 58% hlut í Pickenpack - Hussmann & Hahn Seafood GmbH. Eftir kaupin er FAB GmbH eigandi alls hlutafjár í Pickenpack - Hussmann & Hahn Seafood GmbH. Hlutur Samherja hf. í aukningunni nemur 4,0 milljónum evra, jafnvirði 314,2 millj. íslenskra króna og er gert er ráð fyrir að eignarhlutur Samherja hf. í FAB GmbH verði 32% eftir hlutafjáraukninguna.

30. Í byrjun ágúst seldi félagið eignarhluti í Burðarási hf., Íslandsbanka hf. og Kaupþingi banka hf. og nam hagnaður af sölu eignarhlutanna 996,1 millj. kr. fyrir skatta. Auk þess keypti félagið og seldi í ágúst hlutabréf í Burðarási hf. á grundvelli áður gerðra samninga og nam hagnaður vegna þessa 450,1 millj. kr.